

**Fundargerð 74. fundar Fræðslusjóðs**  
**Mánudaginn 26. mars 2018 kl. 14:00 – 15:30**  
**haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð**

**Boðuð:** Guðrún Ragnarsdóttir, formaður, Halldór Grönvold, Svanhildur Sverrisdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Kristín Þóra Harðardóttir, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Björg Baldursdóttir.

**Fjarverandi:** Fjóla Jónsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Garðar Hilmarsson

**Frá FA:** Björn Garðarsson

**Dagskrá:**

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Samþykkt

**2. Drög að uppgjöri Fræðslusjóðs 2017**

Björn gerði grein fyrir framkvæmd fræðsluaðila á síðasta ári. Sjá nánar í fundargögnum.

Í umræðum kom fram það sjónarmið að litlar breytingar hefðu átt sér stað í hvernig framkvæmdaaðilar hafa nálgast atvinnulífið – og þar með markhópinn. Lagt til að FA leiti leiða til að þróa námsleið, sem yrði tilbúin haustið 2018, þar sem áherslan væri á að nýta möguleika tækninnar til að nálgast markhópinn á annan hátt en nú er algengast. Er í þessu sambandi meðal annars horft til þess með hvaða aðferðum Hæfnisetur ferðapjónustunnar hefur verið að nálgast atvinnulífið.

**3. Endurskoðun laga um framhaldsfræðslu – staða**

Upplýst var að vinnan gengi vel og stefnt að því að drög verði lögð fram um miðjan júní.

Óskað eftir að á næsta fundi verði fenginn sérstök kynning á starfi samráðshóps um endurskoðun framhaldsfræðslunnar. Í framhaldinu verði gefið svigrúm til umræðna með það að markmiði að sjónarmið stjórnarinnar komist á framfæri við verkefnastjórnina. Lagt til að fundartíminn verði lengdur í tvö tíma.

**4. Punktur frá samtalsfundi stjórnar FS og FA 13. mars sl.**

Umræðu frestað

**5. Erindi frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum – sjá fundargögn.**

Erindinu er hafnað.

**6. Önnur mál**

6.1. Á síðast fundi náðist ekki að staðfesta forgangssvið þróunarstyrkja og var það gert milli funda.

Samþykkt forgangssvið við úthlutun nýsköpunar- og þróunarstyrkja 2018 eru:

- Hæfnigreiningar starfa í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluaðila.
- Þróun þrepaskipts starfsnáms í framhaldsfræðslu.
- Þróa og útfæra leiðir til að auðvelda og efla fræðslu innan fyrirtækja og í dreifðum byggðum.

KE  
15  
MS  
FA

Auglýsing um styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna hefur verið birt.  
Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl n.k.

Gudnir Pagnason  
MAGGNET FÉLAGSÁRÞÁTTA

Ingibjörg ÞP Stefánsdóttir

~~Þórunn~~ <sup>Andersdóttir</sup>  
Hallgrímur Ólafsson